

## *Hver erum við*

Stofnunin um réttindi komandi kynslóða ( FRFG) er rannsóknarstofnun á sviði vísinda, stjórn mála og viðskipta. Hún var stofnuð árið 1997 af hópi evróskra stúdenta sem höfðu áhyggjur af framtíðinni og vildu koma á **réttlæti milli kynslóða** - vettvangi þar sem náttúra og efnahagurinn gengju hönd í hönd. Réttlæti milli kynslóða merkir að komandi kynslóðir verði að búa við sömu tækifæri og þeir sem núna byggja landið. Dæmi um þetta eru óafturkræf umhverfisspjöll, ellilífeyrisvandinn, þegar reynt er að fæla unga kjósendur frá því að taka þátt í kosningum , atvinnuleysi meðal ungs fólks og skuldir þjóðarbúsins. Lýðfræðilegar breytingar hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á marga þessara þátta. FRFG vill vekja stjórnámamenn til umhugsunar um vandann, hvetja þá til þess að viðurkenna réttindi komandi kynslóða og koma á leiðum til að vernda hann. Í því skyni stendur rannsóknarstofnunin fyrir herferðum í nánú samstarfi við systursamtök sín, Youth for Intergenerational Justice and Sustainability (YOIS) – Æskulýðssamtök um sjálfbært réttlæti milli kynslóðanna..

## *Hver er starfsemi okkar?*

FRFG grípur til aðgerða þegar lífsskilyrðum komandi kynslóða er stefnt í hættu af núverandi valdhöfum. FRFG skipuleggur þing, ráðstefnur og fundi. Þegar Heimssýningin 2000 var haldin í Hannover, Þýskalandi, þá hélt FRFG þing þar sem saman komu 330 ungir áhrifamenn frá allri Evrópu. Einnig gefur FRFG út bækur sem eru á færni leikmanna að skilja (“Handbook of Intergenerational Justice”) og útgefur Stefnu pappíra, sem gefa nákvæmar ráðleggingar eða mögulegar framtíðar útkomur. Aðal áherslurnar eru á svið sem tengjast Réttlæti milli kynslóða, lýðfræðilegar breytingar, vistfræði, lífeyrisréttindi, skuldir almennings, vinnumarkað og réttindi ungs fólks. FRFG gefur út handbók sem kallast „Generational Justice!“ (Kynslóðar réttlæti), sem nær til þúsunda núverandi og verðandi áhrifamanna (allra þingmanna Evrópu, fjölmargra framkvæmdastjóra, blaðamanna, prófessora og 3000 stúdenta úr ýmsum fræðum). Gegnum „Generational Justice“ verðlaunanna sem eru tíu þúsund Evrur, ungir vísindamenn eru hvattir til þess að líta betur á þau málefni sem varða framtíðina. Fjölmargir stjórnámamenn hafa beðið FRFG um ráðleggingar varðandi réttlætið milli kynslóðanna, þar á meðal þýski atvinnuáráðherra (varðandi endurskipulagningu ellilífeyriskerfisins) að auki dómsmálaráðherra (réttindi millikynslóðanna í þýsku stjórnarskránni).

## *Hvernir standa á bak við okkur*

Á bak við FRFG er vísindaráðgjafaráð sem samanstendur af háttvirtum einstaklingum eins og Dr. Mihajlo Mesarovic (Rómarklúbbnum), Dr. Radermacher (Rómarklúbbnum), Dr. Ernst Ulrich von Weizsäcker (Rómarklúbbnum), Ralf Dahrendorf lávarður (Bresku lávarðadeildinni) og Kennedy Graham (UN University). Að auki er frumkvöðla ráðgjafaráð með mikils metnum meðlimum sem aðstoðar vinnu FRFG.

## *Verðlaun og viðurkenningar*

FRFG hlaut Theodor-Heuss verðlaunin og Góðborgaraverðlaun Oberursel bæjar fyrir vinnu sína. Að auki er FRFG í samvinnu með stofnun Sameinuðu þjóðanna í Opnum upplýsingum (DPI).

*Við þörfnumst þín!*

Við erum ætíð á höttunum eftir fólki og samtökum sem vilja vinna með okkur á raunhæfum lausnum í Réttindum kynslóðanna. Þú getur gerst meðlimur. Við erum meira en viljug til að senda þér frekari upplýsingar um FRFG, hafðu samband í [info@srzg.de](mailto:info@srzg.de) eða heimsóttu heimasíðu okkar [www.intergenerationaljustice.org](http://www.intergenerationaljustice.org).  
Gakktu til liðs við FRFG og gerðu heiminn að meira en stað!